



Tekist á við óttann

Hryllingsbókmenntir í kennslu barna og unglunga

Arnar Helgi Magnússon

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Tekist á við óttann

Hryllingsbókmenntir í kenngslu barna og unglina

Arnar Helgi Magnússon

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Arngrímur Vídalín

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
September 2020

Tekist á við óttann

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku við Deild faggreinakennslu,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Arnar Helgi Magnússon 2020

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed. prófs við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er fjallað um hryllingsbókmenntir ætluðum börnum og unglíngum og hvernig hægt sé að nálgast þennan bókaflokk í kennslu á efstu stigum grunnskóla. Leitast verður því að svara hvaða rök séu fyrir því að kenna hryllingsbókmenntir í grunnskóla. Hvaða kosti og galla þessar bækur hafa og hvernig sé best að nálgast slíka kennslu? Ekki hefur mikið verið fjallað um þessa tegund bókmennta og gildi þeirra sem áhugavert lestrarefni fyrir börn. Alls eru fimm bækur, sem allar falla undir hryllingsbókmenntir, teknar fyrir og skoðaðar út frá kennslufræðilegu sjónarhorni. Þá er hugtakið hryllingsbókmenntir fyrir börn og unglínga skilgreint. Þar sem efni þessa bóka er eins og gefur að kynna oft á tíðum hryllilegt og jafnvel óviðeigandi er mikilvægt að fara með gát þegar kemur að vali einstakra bóka til notkunnar í kennslu í grunnskólum.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli.....	5
1. Inngangur.....	6
2. Gæsaþúð	9
3. Gæsaþúð 5: Galdramaðurinn ógurlegi	12
4. Gæsaþúð fyrir eldri: Villi vampíra	15
5. Vetrarfrí	19
6. Vetrarhörkur	23
7. Lokaorð	27
Heimildarskrá.....	29

Formáli

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Siðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=41969>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____. _____ 20__

1. Inngangur

Að vera hræddur er eðlileg tilfinning. Hræðsla er viðbragð heilans við yfirvofandi ógn eða hættu. Þessi tilfinning er hönnuð til þess að vara okkur við aðstæðum sem gætu skaðað okkur. Heilinn sendir frá sér adrenalín sem gefur okkur styrk til að sigrast á aðstæðunum. Þrátt fyrir það þá virðumst við samt leitast við að finna þessa tilfinningu aftur, við viljum fá þetta adrenalínskot. Þetta gerum við í gegnum jaðaríþróttir eins og fallhlífastökk og brimbrettaiðkun eða í öryggi okkar eigin heimilis í gegnum kvikmyndir og bókmenntir (Eiríkur Örn Arnarson, 2001).

Hryllingur hefur lengi verið túlkaður bæði í kvikmyndum og bókmenntum. Þetta er flokkur sem hefur notið mikilla vinsælda í gegnum árin. Kvikmyndir eins og *Frankenstein*, *Dracula* og *Psycho* eru til að mynda orðnar klassískar hryllingsmyndir og eiga sér stóra aðdáendahópa um heim allan. Hryllingsmyndir fá fólk til að öskra, vera gapandi og loka augunum af hræðslu. Hjartað fer að slá örur, andadrátturinn verður grynri og lófarnir fara að svitna líkt og myndin væri í alvörunni (Aizada Shaiymkulova, e.d.).

Þegar kemur að bókmenntum eru höfundar eins og Stephen King og íslenski höfundurinn Yrsa Sigurðardóttir vinsæl meðal lesenda. Samkvæmt grein Tan, Wignell og O'Halloran sem birtist í *Social Semiotics* árið 2016 er það sem einkennir þessar tegundir bókmennta hvernig spenna er byggð upp í gegnum ótta, hræðslu og hið óþekkt. Sögusviðin eru dimm og drungaleg þar sem gömul hús, kjallarar, kirkjugarðar og þoka eru áberandi. Yfirnáttúrulegar verur eins og draugar, vampírur og geimverur eru einnig mikið notaðar til að gefa söguþræðinum dulafyllra ívaf. Þetta eru bókmenntir sem notfæra sér það sem almennt er samþykkt í samfélaginu að sé í lagi að óttast. Aðalmarkmiðið með þessum bókum er því að fá hárin á lesandanum til að rísa (Tan, Wignell og O'Halloran, 2016).

Hryllingsbókmenntir er hins vegar ekki bókaflokkur sem aðeins er ætlaður fullorðnum lesendum. Samkvæmt Esmá Dumanli Kadizade og Can Sakar þá eiga barnabókahöfundar að skrifa um efni sem hjálpar þroska barna. Ofbeldi er mikilvægt umræðuefni í því samhengi en það þarf að fjalla um það á mildan hátt án þess að ýkja (Esmá Dumanli Kadizade og Can Sakar, 2019). Í hryllingsbókmenntum eru grófar lýsingar á morðum, kynferðislegu ofbeldi og limlestingum oftast en ekki stór hluti af söguþræðinum. Lýsingarnar eru ýktar og eiga oftast enga samleið með raunveruleikanum.

Aðalpersónurnar í hryllingsbókmenntum fyrir börn og unglinga eru yfirleitt börn á sama aldri og lesendurnir. Ofbeldinu í þessum bókum er því beint gegn börnum. Aðalpersónum er oft lýst sem viðkvæmum og feimnum einstaklingum sem oftast en ekki eru að reyna passa inn í einhvern hóp. Hvort sem það er í skólanum eða annarsstaðar í samfélaginu. Í því samhengi eru ungar táningsstúlkur vinsæll kostur hjá rithöfundum þessa bókaflökks sem dæmi má nefna Abra Stone í bókinni *Doctor Sleep* eftir Stephen King.

Hryllingsbókmenntir eru vinsæll bókaflokkur sem börn og unglingar sækja í. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir hefur bent á að „[þ]að er þekkt að mörg börn hafa gaman af því að verða dálítið hrædd og þau sækja gjarnan í bækur sem vekja spennu og ótta“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2004, bls. 16). Hryllingsbækur eru spennandi og skemmtileg afþreying sem einnig eiga margt skylt með söguþráðum bandarískra kvikmynda. Eins og Sigurður Ólafsson ritaði í tímaritið *Börn og menning* árið 2008 um Gæsa húðarbækur Helga Jónssonar: „Allt þetta er krassandi, ögrandi og æðiskennt afþreyingarefni sem skemmtir, vekur forvitni og veitir stundarsvölun.“ (Sigurður Ólafsson, 2008).

Bækur sem tilheyra þessum bókaflökki hafa þó oft verið umdeildar þar sem fullorðnir einstaklingar telja að innihaldið sé ekki alltaf við hæfi barna. Eins og kemur fram í fyrrnefndri grein Sigurðar Ólafssonar:

„Börn og unglingar eru ómótaðir einstaklingar sem þar af leiðandi eru áhrifagjarnari þegar að þeim steðjar ytra áreiti, sér í lagi í formi yfirborðsmennsku og markaðsherferða. Þau eru ginnkeyptari en eldra fólk fyrir ytri byrðum og einmitt þess vegna erum við hin fullorðnu í hlutverki þeirra sem leiðbeina þeim áfram og hafa á stundum vit fyrir þeim þegar kemur að því að velja gæði og innihald fram yfir fagrar umbúðir.“ (Sigurður Ólafsson, 2008)

Í byrjun árs 2017 barst bókabúðum landsins til að mynda fjölda áskorana frá áhyggjusömum foreldrum um að fjarlægja fyrrnefndar Gæsa húðarbækur Helga Jónssonar úr verslunum. Gæsa húðarbækurnar höfðu fram að því verið meðal vinsælustu íslensku bókanna sem falla í flokk hryllingsbókmennta fyrir börn og unglinga. Þá var einnig umræða á samfélagsmiðlum

og í fjölmiðlum þar sem varað var við efni bókanna og það talið gefa óheilbrigða mynd af samskiptum kynjanna. Í kjölfarið á þessari umræðu tóku nokkur bókasöfn allar Gæsa húðsbækurnar úr umferð hjá sér og önnur sem tóku aðeins þær sem þau töldu skaðlegar fyrir unga og áhrifagjarna lesendur. Eftir því sem ég kemst næst eru þær núna ófánalegar í bókaverslunum að ósk höfundarins.¹

Hingað til hefur ekki mikil áhersla verið lögð á þennan bóka flokk í bókmenntakennslu í grunnskólum landsins. Eru hryllingsbækur einungis til hræðslu og skemmtunar eða eru möguleikarnir fleiri? Hér fyrir neðan verður leitast við að svara því hvaða rök séu fyrir því að kenna hryllingsbókmenntir í grunnskóla. Hvaða kosti eða galla hafa þessar bækur og hvernig væri best að nálgast slíka kennslu?

Rannsóknin er þannig uppbyggð að skoðaðar verða fimm bækur sem allar eiga það sameiginlegt að geta flokkast sem hryllingsbókmenntir. Þær bækur sem um ræðir eru *Vetrarfrí* og *Vetrarhörkur* eftir Hildi Knútsdóttur og þrjár bækur úr Gæsa húðarbókaflokknum: *Gæsa húð*, *Gæsa húð 5: Galdramaðurinn ógurlegi* og *Gæsa húð fyrir eldri: Villi Vampíra* eftir Helga Jónsson. Leitast verður að finna hvað gerir bækurnar að hryllingsbókum og hvert notagildi þeirra gæti verið í kennslu á efra stigi í grunnskóla.

¹ Umræða um Gæsa húðarbækurnar í fjölmiðlum í byrjun árs 2017. (Jakob Bjarnar, 2017), (Áslaug Karen Jóhannsdóttir, 2017), (Útgefandi vill Gæsa húð úr hilum, 2017), (Villi Vampíra tekin úr hillum á skólabókasöfnum, eitt safn tekur allar Gæsa húðarbækurnar úr umferð, 2017).

2. Gæsa húð

Bókin *Gæsa húð* kom út árið 1997 og er fyrsta bókin í samnefndum bóka flokki eftir Helga Jónsson. Bækurnar í floknum eru núna rúmlega tuttugu talsins. Titlinum „Gæsa húð“ svipar til bóka flokksins *Goosebumps* eftir rithöfundinn R.L. Stine og má ætla að hann sé sóttur beint þangað. *Goosebumps* bækurnar eru hryllingsbækur ætlaðar börnum og unglingum sem fjalla um yfirnáttúrulega atburði. Þessar bækur hafa selst gríðarlega vel, verið þýddar á mörg tungumál og notið mikilla vinsælda meðal barna og unglunga út um allan heim.

Aðalpersóna *Gæsa húðar* er unglingstelpa Lilja. Hún býr með foreldrum sínum og yngri bróður. Hún tekur stundum að sér barnapössun fyrir ungt par, þau Steinþór og Ásgerði, en þau eiga lítinn strák sem heitir Tryggvi. Í upphafi bókarinnar er Lilja búin að vera lasin og liggja í rúminu sínu í þrjá daga. Á föstudeginum eftir veikindin hringir Steinþór og biður Lilju um að passa Tryggva um kvöldið. Eftir mikla frekju við foreldra sína, sem vilja að hún jafni sig almennilega af veikindunum, fær Lilja að passa.

Lilja er mikill aðdáandi kvikmyndarinnar *Ghost* með Demi Moore og Patrick Swayze í aðalhlutverkum og nýtir pössunina til að horfa á myndina. Í miðri mynd er bankað á dyrnar og fyrir utan stendur eldgömul kona sem segist búa í kjallaranum. Hún segist heita Kolfinna og biður Lilju um mjólkurlíttra. Lilja segist bara eiga nýmjólk og endar á að fara út í búð fyrir Kolfinnu að versla mjólk. Lilja þorir ekki að skilja Tryggva, sem er sofandi í rúminu sínu, eftir einan heima, en Kolfinna sannfærir hana um að leyfa sér að passa hann á meðan. Þegar Lilja kemur heim úr búðinni og afhendir Kolfinnu mjólkina kveður Kolfinna og heldur sína leið. Eftir stutta stund hringir Steinþór til að athuga hvort að allt sé lagi hjá Lilju. Hún segir honum frá Kolfinnu og búðarferðinni en Steinþór segir að það hafi aldrei búið neinn í kjallaranum síðan þau fluttu inn. Við þessar fréttir fær Lilja hroll og vill komast heim. Vindurinn úti vekur Tryggva litla og fer Lilja að rugga honum í svefn. Þegar hún kemur svo fram situr gamall maður í sófanum og horfir á sjónvarpið. Við það verður Lilja logandi hrædd.

Gamli karlinn reynist vera draugur manns sem er löngu látinn en hefur búið í húsi Steinþórs og Ásgerðar eftir að hann lést. Hann segist heita Tryggvi, alveg eins og litli drengurinn sem Lilja er að passa. Tryggvi gamli hafði verið vinnumaður á bóndabæ og ástfanginn af vinnustelpu á sama bæ. Því miður var bóndasonurinn einnig hrifinn af henni og eftir sveitaball lenti þeim Tryggva saman. Endaði það með því að Tryggvi lét lífið eftir að hafa

heyrð byssuhvell. Lilja verður mjög forvitin um vinnustúlkuna og spyr um nafn hennar. Tryggvi segir að hún hafi heitið Kolfinna. Lilju er brugðið við að heyra þetta og segir Tryggva að hún hafi fyrr um kvöldið talað við konu að nafni Kolfinna. Lilju grunar að Kolfinna sé draugur og sé sama stúlka og Tryggvi var ástfanginn af áður en hann dó. Ákveður Lilja að hjálpa þessum týndu sálum að hittast á ný.

Eftir að hafa sameinað Kolfinnu og Tryggva segir Kolfinna henni sína sögu. Bóndinn hafði myrt Tryggva þvert á vilja bóndasonarins og Kolfinna endaði á að giftast manni sem síðar lést úti á sjó. Hún eignaðist með honum stelpu sem lést aðeins þriggja ára eftir að Kolfinna hafði skroppið frá. Hún hafði ætlað að fá nágranna sína til að passa stelpuna en eftir að Kolfinna fór hafði skolið á gífurlegur snjóstormur sem gróf húsið hennar undir snjó með stelpuna inni, sem varð til þess að hún svalt til dauða.

Lilja er, eins og fram kom hér að ofan, frekar frek stúlka. Hún hafði hafði verið frek frá því að hún var lítil. Þegar hún fékk ekki eitthvað sem hún vildi þá setti hún upp svip, þagði, þóttist hafa misst málið, eða stóð við stofugluggann og starði úr sér augun. Þessi hegðun fer sérstaklega illa í föður hennar þar sem móðir hennar gefur alltaf eftir. Einnig er Lilja full trúgjörn og treystir því að Kolfinna þekki Steinþór og Ásgerði þótt hún sé ókunnug henni sjálfri. Hún gerir mistök með því að fara út í búð fyrir Kolfinnu og skilur Tryggva eftir með manneskju sem hún þekkir ekki. Hún verður fljótt hrædd en þegar á hana reynir aðstoðar hún Tryggva gamla að sameinast Kolfinnu. Eftir þessa lífsreynslu heldur hún hins vegar áfram að vera venjulegur krakki og virðist þetta ekki hafa mikil áhrif á hennar líf.

Í gegnum söguna fær lesandi oft óþægindatilfinningu og bíður stöðugt eftir því að eitthvað slæmt muni gerast. Þótt sagan sé draugasaga er ekkert afgerandi illmenni sem söguhetjan þarf að kljást við. Hvorugur drauganna í bókinni er óvinveittur og þau nota aðeins Lilju til að finna hvort annað. Þannig er sagan einnig í grunninn ástarsaga. Tryggvi gamli og Kolfinna eru bæði draugar fólks sem hafði dáið mörgum árum áður en aldrei fengið þau málalok sem þau áttu skilið. Bókin vinnur einnig með klisjur eins og þegar Kolfinna segist búa í kjallaranum en samkvæmt Steinþóri hefur enginn búið þar síðan þau hjónin fluttu inn. Tryggvi gamli birtist líka allt í einu fyrir framan sjónvarpið þegar Lilja bregður sér frá tækinu og gerir henni bilt við.

Þrátt fyrir að vera draugasaga þá er *Gæsa húð* ekki dæmigerð hryllingssaga þó að hún hafi mörg einkenni slíkra bókmennta. Sígidl atriði hryllingsbókmennta eins og stúlka sem er

ein heima að kvöldlagi, yfirnáttúrlæg atriði eins og draugar og morð eru stór hluti af söguþræðinum, en draugarnir í þessari sögu eru góðir og vilja aðalpersónunni ekkert illt. Söguhetjan lendir aldrei í lífshættu og meira að segja hjálpar draugunum að hittast á ný eftir margra ára aðskilnað. Þó nær sagan alltaf að halda lesandanum á tánum og allt fram í enda sögunnar býst lesandi við einhverju meira sem mundi koma sér úr jafnvægi.

Gæsa húð er líklega ekki fyrsta bókin sem kennara myndi detta í hug til að nota í kennslu. Eins og fram kom í inngangi ritgerðarinnar hefur orðspor höfundarins beðið hnekki á síðastliðnum árum og bækurnar hlotið illt umtal, einkum önnur bók í *Gæsa húðarflokknum* (*Villi vampíra*) sem innihélt lýsingar með grófu kynferðislegu ofbeldi. Í kjölfarið hafa bækurnar fengið á sig þann stimpil að vera almennt óviðeigandi fyrir börn og unglinga. Það gæti því þótt fráhrindandi fyrir kennara í grunnskólum að velja slíka bók til kennslu. *Gæsa húð* er annars frekar stutt (nær ekki hundrað blaðsíðum) og auðveld aflestrar. Nemendur í miðdeild gætu haft gaman af henni og eru á þeim aldri að geta orðið frekar hrædd við lestur á henni án þess að verða skelfingu lostin.

Þau verkefni sem hægt væri að útbúa í kringum bókina er til dæmis að skoða hvernig tímarnir hafa breyst síðan bókin var gefin út fyrir rúmum tuttugu árum. Til dæmis horfir Lilja á spólu sem hún tók af myndbandaleigu en hvort tveggja heyrir nú til liðinnar tíðar. Einnig má skoða bókina út frá sögulegu sjónarhorni þar sem sagan fer rúm hundrað ár aftur í tímann þegar fólk bjó í torfbæjum. Má skoða muninn á því hvernig komið var fram við vinnufólk á þessum tímum miðað við nú á dögum. Hefðbundnari verkefni koma einnig til greina, eins og hver er sögumaður og í hvaða persónu hann er, hvenær sagan gerist og á hve löngum tíma.

Þrátt fyrir að hægt væri að nýta bókina í kennslu þá er þar með ekki sagt að það ætti að nota hana. Söguþræðurinn er þunnur en gæti þó varla talist óviðeigandi fyrir unga lesendur. Það sem gerir það að verkum að bókin hentar illa í kennslu er orðalag og almennur frágangur á textanum. Stafsetningarvillur og stílbrot eru tíðar í öllum bókunum í *Gæsa húðarbókaflokknum*. Virðist ekki mikill metnaður vera lagður í þennan part bókanna í staðinn er treyst á það að lesendur sem alla jafna eru börn taki ekki eftir þessum villum. Eins og Sigurður Ólafsson orðaði það: „Bækurnar eru þannig morandi, í mál-, stafsetningar- og innsláttarvillum þar sem ekki verður hjá því komist að kenna um ákveðinni fljótfærni og

metnaðarleysi.“ (Sigurður Ólafsson, 2008). Bókin er þó góð til afþreyingar og gæti fengið nemendur til að lesa meira heima fyrir, sér til skemmtunar.

3. GæsaHúð 5: Galdramaðurinn ógurlegi

Galdramaðurinn ógurlegi kom út árið 2001 og er fimmta bókin í bókaflöknum *GæsaHúð* eftir Helga Jónsson. Líkt og fyrsta *GæsaHúðar* bókin þá er hún ætluð lesendum á mið- og unglíngastigi í grunnskóla.

Bókin fjallar um systkinin Söndru og Inga. Sandra er tíu ára gömul en Ingi níu ára. Þau búa í úthverfi með stórum einbýlishúsum. Nágranni systkinanna er gamall karl að nafni Gottskálk sem sögur segja að sé galdramaður. Gottskálk hefur búið einn í húsinu sínu í langan tíma. Systkinin fara í heimsókn til Gottskálks og fá að kynnast því hvernig maður hann er. Eiginkona og fjögur börn þeirra Gottskálks eru öll löngu látin.

Ingi fer að hafa aukinn áhuga á Gottskálki og látinu fjölskyldumeðlimum hans. Hann ákveður að fara einn í heimsókn til Gottskálks og komast að því hvað hafi gerst. Gottskálk virðist almennilegur í fyrstu. Hann býður Inga mjólkurglas og segir honum frá þeim mikla harmleik sem kom fyrir hann og fjölskyldu hans. Hann segir Inga frá því að fjölskyldan hans hafi öll látist í bílslysi. Hann hafi verið ökumaðurinn og sá eini sem komst lífs af. Ingi verður smeykur við frásögnina en Gottskálk nær að tala hann til og ákveður að leika aðeins við Inga. Þeir skiptast á að læsa hvorn annan niðri í kjallara. Gottskálk biður Inga svo að hjálpa sér að jarða dauðan fugl sem hann hafði fundið í garðinum. Endar það með því að Gottskálk rotar Inga með skóflu og grefur hann lifandi í garðinum sínum við hliðina á konu sinni og fjórum börnum, sem hann reynist hafa sjálfur myrt fyrir mörgum árum. Sandra fer að hafa áhyggjur og ákveður að leita Inga heima hjá Gottskálki og endar það með því að hún lendir í bráðri lífshættu þegar Gottskálk slær hana einnig í höfuðið með skóflu. Gottskálk grefur hana síðan lifandi með bróður hennar.

Móðir systkinanna, Rannveig, hefur sterkan grun um að Gottskálk hafi eitthvað að gera með hvarf Inga og Söndru. Fara hún og maðurinn hennar, Steindór, ásamt Kristínu vinkonu Rannveigar að tala við Gottskálk um týndu börnin þeirra. Hann segist ekki vita hvar

þau eru og segir þeim að hypja sig. Rannveig og Steindór trúa honum ekki og ryðjast inn í leit að systkinunum. Eftir að lögreglumenn koma viðurkennir Gottskálk verknað sinn og bendir þeim á hvar Sandra og Ingi eru grafin. Sandra finnst rétt við lífsmark en Ingi hafði verið lengur grafinn og er látinn þegar komið er að honum.

Aðalpersónur bókarinnar eru, eins og áður segir, Sandra og Ingi, og fá þau bæði sinn tíma í bókinni. Lýsingar á þeim systkinum eru litlar sem engar, ekkert er minnst á nein útlitseinkenni svo lesandi þarf að geta sér til um hvernig systkinin líta út. Eitt af fáu sem lesandi fær að vita um Söndru og Inga er aldur þeirra (tíu og níu ára gömul) og hversu marga vini þau eiga. Mætti höfundur leggja meira í að skapa persónurnar betur svo að lesendur geti séð betur fyrir sér hvað sé að gerast hverju sinni. Þó fær lesandi þá vitneskju að Sandra eigi ekki margar vinkonur. Eftir að vinkona hennar flytur verður hún mjög einræn og dul og líður best heima. Sandra er einu ári eldri en Ingi og ber hún því meiri ábyrgð en hann. Hún passar upp á hann og hún hættir lífi sínu við að leita að honum þegar hann týnist. Hún er ákveðin og henni líst ekki á Gottskálk eftir að hann hræðir þau í kjallaranum hans. Hún gerir allt til þess að vernda bróður sinn og fer það illa með hana eftir að Ingi deyr. Á blaðsíðum 84–85 má sjá hvernig Sandra upplifir áfallastreitu eftir allt sem á undan hefur gengið.

„Hún sá skóflu. Hún sá mold. Hún sá myrkrið eitt. Hún náði ekki andanum. Hún sá litlabróður dáinn niðri í jörðinni. Hún öskraði á hjálp en enginn heyrði og enginn kom til bjargar. Ekki fyrr en hún hrökk upp við eigin skelfingarhróp...“ (Helgi Jónsson, 2001)

Ingi er forvitinn eins og flestir ungir krakkar. Hann er vinameiri en systir sín en hefur gaman af því að leika við hana. Hann hlakkar til að byrja aftur í skólanum og hitta besta vin sinn aftur sem er úti á landi á sumrin. Ingi er kappsamur og reynir í byrjun bókarinnar tvisvar að keppa við systur sína, í vítaspyrnukeppni og kapphlaupi. Ingi er þó smá skræfa í sér og verður hræddur í heimsókn hjá Gottskálki, skiljanlega þó. Í seinna skiptið sem hann fer í heimsókn til Gottskálks þarf hann að fara nokkrar ferðir áður en hann þorir á endanum að banka á dyrnar. Á endanum er það forvitnin og traust hans í garð Gottskálks sem verður Inga að bana.

Eins og með margar hryllingssögur þá byrjar bókin rólega. En eftir því sem líður á hana fer lesandi að fá það á tilfinninguna að eitthvað slæmt muni gerast. Mögulega er Helgi Jónsson að vísa í *Galdra-Loft* með nafni Gottskálks en illmennið í þeirri sögu er Gottskálk biskup grimmi. Gottskálk er þessi klassíski bókmenntaskúrkur. Hann er gamall og ófrýnilegur maður sem er ekki neitt sérlega vingjarnlegur. Einnig er hann dularfullur og hefur þann stimpil á sér að vera galdramaður. Þetta er maðurinn sem börnin í hverfinu forðast. Eins og aðrir skúrkar vinnur hann traust annarrar aðalsöguhetju bókarinnar en endar svo á að misnota það og myrðir Inga. Ingi er ekki hans fyrsta fórnalamb því Gottskálk myrti sömuleiðis fölskyldu sína og kannski einhverja fleiri sem ekki er getið. Það má því segja að hann hafi beinlínis ánægju af morðum eins og ýmis önnur bókmenntaillmenni, svo sem Voldemort í *Harry Potter* bókunum eða trúðurinn Pennywise í *It* eftir Stephen King. Frá upphafi bókarinnar hefur lesandi á tilfinningunni að Gottskálk sé vondur og í raun er það alltaf vitað því framan á bókarkápunni er gamli karlinn að fara að leggja Inga í gröfina.

Gæsaúð 5: Galdramaðurinn ógurlegi býður ekki upp á marga kennslumöguleika. Eins og virðist vera með flestar *Gæsaúðar* bækurnar er orðalag bókarinnar fábrotið og skilur lítið eftir sig. Eina markmið bókarinnar er að reyna hræða lesendur með ófögum lýsingum, samanber þegar Gottskálk rotar söguhetjurnar og grefur þær svo lifandi (Helgi Jónsson, 2001, bls. 76 – 77). Ef eitthvað væri hægt að taka úr bókinni sem hægt væri að kenna nemendum er að treysta ekki ókunnugum. Nemendur sem eru í þeim markhópi sem bókin er ætluð eru hins vegar orðin það gömul og hafa því að öllum líkindum þegar lært það að tala ekki við ókunnuga. Sá aldur sem helst þyrfti að kenna að treysta ekki ókunnugum eru börn á leikskólaaldri og á yngsta stigi í grunnskóla. Bókin er hins vegar alls ekki við hæfi þessa aldurshóps og myndi að öllum líkindum hræða þau of mikið.

Frágangur bókarinnar er heldur ekki nógu góður til þess að nota við kennslu í grunnskólum. Orðaforðinn er ekki beysinn og setningar á tíðum mjög einfaldar. Mikið er um notkun á lýsingarorðum og löngum lýsingum á hlutum sem skipta kannski ekki höfuðmáli fyrir framgang sögunnar. Lesandinn verður oft þreyttur á öllum þeim fjölmörgu lýsingum um hvernig persónunum líður hverju sinni. Á blaðsíðu 49 má finna eftirfarandi efnisgrein sem sýnir ofnotkun höfundar á lýsingarorðum:

„En að tveimur árum liðnum fékk hann að fara heim, enda virtist hann hafa róast og aftur náð innri styrk, og settist að í húsinu stóra. Þetta var að gerast skömmu eftir lýðveldisdaginn góða. Í húsinu stóra í austurbænum hafði hann búið einsamall allar götur síðan“. (Helgi Jónsson, 2001)

Í þessu tiltekna dæmi eru lýsingarorð eins og *stór* og *góð* óþörf. Höfundur virðist vilja leggja áherslu á eitthvað sem skiptir litlu sem engu máli.

Bókin gæti hentað vel í yndislestur fyrir nemendur. Seint myndi hún teljast sem klassík í íslenskum barnabókmenntum en þó má hafa gaman af henni. Hún er auðveld aflestrar og stafirnir stórir og getur það hjálpað þeim nemendum sem enn eru að bæta sig í lestri og lesskilningi. Þrátt fyrir orðaforðann og ómerkilegar persónur er bókin ágætis afþreying en ekkert mikið meira en það.

4. Gæsa húð fyrir eldri: Villi vampíra

Gæsa húð fyrir eldri: Villi vampíra er hluti af bókaseríunni *Gæsa húð* eftir Helga Jónsson (2007). Bókin er þó frábrugðin öðrum bókum í flokknum þar sem að hún er ekki ætluð börnum yngri en fjórtán ára. Eftir lestur á bókinni verður lesanda skiljanlegt af hverju höfundur ákveður að hafa aldurstakmark á bókinni.

Aðalpersóna bókarinnar er Sirrí. Hún er fjórtán ára gömul og frekar hlédræg. Í bekknum hennar er strákur sem heitir Villi, en Sirrí er búin að vera hrifin af honum allt skólaárið. Villi er vinsæll, með flottan fatastíl og allar stelpurnar í skólanum eru skotnar í honum, Sirrí til gremju. Hún telur sig ekki eiga möguleika í allar hinar stelpurnar sem bæði eru vinsælli og flottari en hún sjálf. En Sirrí til mikillar undrunar fer Villi að sýna henni áhuga. Hann býður henni heim til sín eftir skólaball þar sem þau höfðu dansað saman allt kvöldið. Sirrí er upp með sér að finna allan þennan áhuga frá Villa og fer því með honum heim. Heima hjá Villa fer Sirrí að hafa áhyggjur. Villi fer að vera of ákafur og gengur of langt. Hann reynir að fá hana til að ganga lengra þvert á hennar vilja. Sirrí verður smeyk og smá hrædd við Villa

og segist ekki vilja sofa hjá honum. Villi verður reiður en róast svo við að Sirrí fer úr nokkrum fötum eins og hann hefur heimtað. Þegar Villi sér að hún ætlar ekki að gefa sig og sofa hjá sér leyfir hann henni að fara, en bítur hana fast í hálsinn þegar hann þykist ætla að kyssa hana bless. Eftir þetta kvöld tekur líf Sirríar verulegum breytingum.

Sirrí fer að líða illa á næstu dögum. Foreldrar hennar eru við það að skilja og óhugnanlegir atburðir sem eru að gerast í bænum eru ekki að hjálpa henni. Hún ákveður þó að hitta Villa aftur. Eftir þetta seinna skipti fer allt til fjandans. Villi býður Sirrí heim til sín að horfa á kvikmynd. Villi velur *Bram Stoker's Dracula* (1992) með Gary Oldman í aðalhlutverkinu. Á meðan á myndinni stendur gerist Villi ágengur og byrjar að þreifa á Sirrí. Hann gerir hlé á myndinni og fara þau saman inn í svefnherbergi. Hann skipar henni að fara úr fötunum á undan sér sem hún gerir með miklum trega. Villi verður óþolinmóður og rífur hana úr buxunum. Hann reynir svo að þvinga sig upp á hana en Sirrí ýtir honum frá sér. Hann nær þó að sökkva augntönnunum sínum í háls hennar. Sirrí öskrar og fer grátandi í flýti heim til sín.

Sirrí fer að breytast. Neglurnar vaxa hraðar, hún fer í fimmtíu gráðu heitt það og augntennurnar virðast stærri. Á meðan er fólk í bænum að veikjast og morð framin með stuttu millibili. Allir þessir atburðir virðast á einhvern hátt tengjast Villa.

Aðalpersóna bókarinnar, er eins og áður kom fram, fjórtán ára gömul feimin stúlka, sem kalla má sígilt minni í hryllingsbókmenntum, á meðan „skrímslið“ er vinsæll strákur sem í raun er vampíra. Eins og segir í bókinni er Sirrí „... venjuleg, ljóshærð, svo sem sæt en samt ekki móðelsæt eins og stelpurnar sem allir vilja og þrá“ (Helgi Jónsson, 2007, bls. 8). Hún á fáa vini og samband hennar við Evu, yngri systur sína, er ekki upp á marga fiska. Eftir bitið frá Villa fer Sirrí að haga sér undarlega og verður reiðari og lætur heyra í sér hvað henni finnst. Hún öskrar til að mynda á foreldra sína í ófá skipti. Eftir því sem líður á söguna tengist hún Evu þó betur, ráðfærir sig við hana og deilir með henni því sem gerðist milli hennar og Villa.

Villi er vinsælasti strákurinn í skólanum. Hann er flottur, villtur og allir vilja vera í kringum hann, bæði stelpur og strákar. Eftir viðskipti hans og Sirríar er lesandi búinn að stimpla Villa sem viðbjóðslegan dreng sem er nauðgari. Villa bregður ekki mikið fyrir í bókinni eftir seinna skiptið sem hann hittir Sirrí, en alltaf er lesandi með það á tilfinningunni að hann sé á bak við allt það vonða sem gerist í sögunni. Í lok bókarinnar kemur í ljós að Villi er ekki höfuðpaurinn á bakvið allt saman heldur var hann bitinn af öðrum og getur ekki hamið sig.

Sirrí tekur hann í sátt eftir útskýringar og í lok bókarinnar sofa þau saman. Morguninn eftir er Villi á bak og burt en Sirrí liggur hreyfingarlaus í rúminu sínu alblóðug.

Bókin er ætluð til þess að gefa lesendum gæsaþúð eins og nafn hennar gefur til kynna. Aftan á bókarkápunni og fremst inni í bókinni sjálfri segir að bókin sé ætluð lesendum fjórtán ára og eldri. Við lestur á bókinni má finna ýmislegt sem útskýrir af hverju höfundur velur það að hafa aldurstakmark. Má finna dæmi um gróft kynferðisofbeldi, hrottalegar lýsingar á dauðdaga og ítarlegar nektarlýsingar. Bókin er mjög umdeild. Hún var gefin út árið 2007 og vakti enga sérstaka athygli þá en tíu árum seinna fékk hún mikla athygli vegna ákveðinna lýsinga sem finna má í henni. Er þar verið að benda á lýsingar af því þegar Villi reynir að nauðga Sirrí. Þær lýsingar eru hrottalegar og alls ekki við hæfi ungra barna. Á blaðsíðum 57-58 í bókinni má finna þessa lýsingu:

„Hann kom upp að henni og dró buxurnar alla leið niður á gólf.

EKKI!

Villi reif brókina í sundur og hélt á henni í klemmdum hnefa. Hann lagðist þétt upp að Sirrí.

NEI! EKKI! Kommon.

Þetta er svo gott. Þær segja það allar. Þú sérð ekki eftir því. Þú verður alveg óð í þetta!“ (Helgi Jónsson, 2007)

Hérna er Sirrí búin að segja nei en Villi heldur samt áfram og neitar að stoppa. Það er ekki fyrr en Sirrí hendir honum frá sér að hann hættir. Börn yngri en fjórtán ára hafa fæst skilning á svona hlutum og fatta líklegast ekki að um kynferðisofbeldi sé að ræða. Að hafa aldurstakmark á bókinni er nauðsynlegt en spurning hvort að fjórtán ára sé of lágur aldur. Væri þetta atriði að finna í kvikmynd eru allar líkur á því að myndin yrði bönnuð yngri en sextán ára.

Veikindi og dauði eru einnig fyrirferðamikil þemu í gegnum bókina. Snemma í sögunni verður Sirrí lasin eftir bit frá Villa og fer að upplifa furðuleg einkenni, svo sem aukinn vöxt á nöglum og stærri augntennur. Einnig má finna óþægileg atriði tengd dauðanum. Ráðist er á mann og sparkað í hann og á endanum er hann bitinn í hálsinn svo að blóð spýttist út um allt.

Í einu atriði hittir Villi fimm ára stúlku og strax fær lesandi óþægindatilfinningu um að eitthvað slæmt muni gerast. Seinna finnst stúlkan svo myrt. Flestum dauðdögum í *Villa vampíru* fylgja lýsingar á blóðútshellingum. Á blaðsíðu 81 er því lýst þegar ráðist er á ölvaðan mann á bryggjunni:

„Það heyrast ógnvekjandi hryglur í fulla manninum.
Hann getur ekki hlegið lengur. Vegna þess að hann nær ekki andanum.
Blóð lekur niður hálsinn og alla leið niður á bryggjuna.“ (Helgi Jónsson, 2007)

Að lokum er maðurinn svo skilinn eftir í blóði sínu.

Bókin er vissulega sjokkerandi og ekki mikið sem hægt er að nota í kennslu. Sögupráðurinn er flatur en allskonar stórum atburðum eins og sifjaspelli, nauðgunartilraun, hjónaskilnaði, framhjáhalði og fjöldmorðum er hent þar inn í án þess að unnið sé nokkuð úr þeim; þeir eru meir eins og tilgangslaust safn alls þess versta sem gæti komið fyrir. Í rauninni þá vinnur höfundurinn ekkert með þessa atburði og þeir hafa ekkert með ris sögunnar að gera (Sigurður Ólafsson, 2008). Það er ekki rangt að fjalla um þessi efni í bókum en það skiptir hins vegar máli hvernig það er gert, sérstaklega þegar bækurnar eru ætlaðar yngri kynslóðum. Að setja inn nauðgunaratriði á ungri stúlku bara til þess að hafa nauðgunaratriði er ekki rétta leiðin til þess að kynna þetta viðkvæma efni fyrir ungum lesendum. Þetta efni þarf að nálgast með því hugafari að kenna unglíngum mikilvægi samþykkis og hversu alvarlegur glæpur nauðgun er í raun og veru, að kynna fyrir þeim að nei þýðir nei og að það gangi jafnt yfir báða aðila. Bókin gerir hins vegar enga tilraun til þess heldur skautar hún yfir alvarleikann og gefur upp þá mynd að nauðgun hafi engar afleiðingar. Sérstaklega í ljósi þess að í enda bókarinnar, eins og áður kom fram, þá stunda þau kynlíf saman.

Þessi bók er því ekki sú besta sem hægt er að nota í kennslu. Það er eiginlega ekki hægt að rökstyðja notkun hennar við kennslu í grunnskóla. Jafnvel þótt ekki væri fyrir það efni bókarinnar sem hvað mest hefur verið deilt um þá er bókin ekki nógu sterk til þess að vera notuð í kennslu í grunnskóla. Nemendur í unglíngadeild geta lesið bókina á fáum klukkutímum þar sem hún er stutt og með stóru lettri. Letrið í bókinni er í raun mun stærra en

það þyrfti að vera í bók fyrir unglunga. Orðalagið í bókinni er mjög einfalt en einnig er líka mikið um stílbrot. Til að mynda þá flakkar höfundur óreglulega milli nútíðar og þátíðar.

„Í dag er kalt. Henni var hrollkalt á leiðinni í skólann. Samt er líttill snjór á jörðu. Fyrsti tími er byrjaður. Allt í lagi. Henni gengur þokkalega í ensku og Teitur enskukennari er ágætur. Öllum líkar vel við hann. Hann er skemmtilegur.“ (Helgi Jónsson, 2007, bls. 8)

Er þetta dæmi um einfalt orðalag höfundar og má sjá fleiri dæmi í gegnum alla bókina. Nemendum þarf að kenna gott orðalag og góðan orðaforða með því. *Villi vampíra* hefur hvorugt til brunns að bera og eru til betri valmöguleikar sem hægt er að notast við.

5. Vetrarfrí

Bókin *Vetrarfrí* er skáldsaga eftir Hildi Knútsdóttur sem var gefin út árið 2015. *Vetrarfrí* er spennutryllir ásamt því að vera hryllingssaga. Hún fjallar um innrás geimvera á Íslandi og baráttu landsmanna til að lifa af. Bókin er á köflum frekar hryllileg og sum atriði ekki við hæfi ungra lesenda.

Bergljót er venjuleg fimmtán ára unglingsstelpa sem býr í Reykjavík ásamt foreldrum sínum og Braga, yngri bróður sínum. Hún hangir mikið með vinkonum sínum og er hrifin af Grími sem er sætasti strákurinn í bekknum. Í vetrarfríinu ætlar hún að fara með vinkonum sínum í afmæli hjá bekkjarbróður þeirra og vonast til að eitthvað gerist milli hennar og Gríms. Henni til mikillar gleði ætla foreldrar hennar að fara í sumarbústað í vetrarfríinu og hún á að fá að gista hjá Möggu vinkonu sinni.

Sjónarhorn sögunnar skiptist á milli kafla. Annan hvern kafla er sjónarhornið á Bergljótu og í hinum köflunum er sagan sögð frá sjónarhorni Braga. Bragi er fimm árum yngri en Bergljót. Hann hefur gaman af tölvuleikjum og finnst gott að vera með foreldrum sínum. Hann á að fá að gista hjá vini sínum, Andra, í vetrarfríinu. Honum líst vel á þá hugmynd því að

heima hjá Andra fær hann stundum að horfa á bannaðar kvikmyndir og það er alltaf pítsa á föstudögum.

Þeim systkinum til mikillar mæðu, þá sérstaklega Bergljótu, þurfa þau að fara með föður sínum upp í sumarbústað þar sem móðir þeirra þarf óvænt að vinna þrátt fyrir að vera búin að fá frí þessa helgi. Bergljót er brjáluð og er í fýlu alla leiðina upp á Snæfellsnes þar sem bústaðurinn þeirra er staðsettur. Hún kveður ekki einu sinni móður sína áður en þau halda af stað vestur.

Þegar í sumbarbústaðinn er komið er Bergljót aðeins farin að róast. Hún reynir að slaka á og ekki taka reiði sína út á föður sínum og bróður. Á Snæfellsnesi er komið vetrarveður, snjór og kalt í veðri. Þeir feðgar ákveða samt að fara í fótbolta. Á fótboltavellinum eru fleiri krakkar að leik og foreldrarnir fylgjast með á hliðarlínunni. Eftir að hafa leikið fótbolta í smá stund fara skrítnir hlutir að gerast. Allir á fótboltavellinum, nema Bragi og faðir hans, fara að kasta upp og hrynja svo niður hreyfingarlausir. Þórbergur, faðir Bergljótar og Braga, rífur Braga með sér og þeir hlaupa aftur í sumarbústaðinn. Þórbergur reynir að hringja eftir aðstoð en nær engu símasambandi. Þau halda af stað niður í þjónustumiðstöð og reyna að ná í hjálp.

Fyrir utan þjónustuverið er allt úti í blóði og ælu. Inni í húsinu er ekki fegurri sjón. Á meðan þau reyna árangurslaust að hringja eftir hjálp heyrja þau undarleg hljóð. Koma þau auga á furðulega veru sem líkist manneskju en hlutföllin á höndum og fótum eru röng. Án þess að veran komi auga á þau komast þau þrjú í burtu og halda af stað til Reykjavíkur. Í Reykjavík blasir við þeim furðuleg sjón. Allt er í svarta myrkri, bílar stopp á götunum, ekkert fólk sjáanlegt. Þau fara heim að finna Sigrúnu, móður Bergljótar og Braga, en hún er hvergi sjáanleg. Þar er hins vegar ókunnugur maður að nafni Heiðar sem útskýrir fyrir þeim hvað hefur gerst. Fólk hafi byrjað að kasta upp og hrunið svo niður. Síðan hafði hann séð skrímsli éta fólk sem lá hreyfingarlaust á jörðinni, sömu tegund af skrímsli og þau höfðu séð í þjónustuverinu á Snæfellsnesi. Heiðar segir að þetta séu geimverur og það sé fólk sem hjálpi geimverunum að leita að eftirlifendum í skiptum fyrir að halda lífinu.

Heiðar segist ætla fara til Vestmannaeyja til foreldra sinna. Eftir langar samræður ákveður Þórbergur að best sé að fara til Vestmannaeyja með Heiðari en þau ætli að finna Sigrúnu áður en haldið verði af stað. Þórbergur og Heiðar fara út að leita hennar á meðan Bergljót og Bragi bíða heima. Bragi ákveður að leita í skóhrúgu sem geimverurnar höfðu skilið

eftir fyrir utan húsið þeirra að skóm móður sinnar. Bergljót hlustar á tónlist á meðan. Eftir nokkra stund fer Bergljót að hafa áhyggjur af Braga og gáir að honum en finnur hann ekki. Hún verður hrædd og fer að leita að honum. Þórbergur og Heiðar koma til baka og Bergljót segir þeim hvað hafi gerst. Þau fara öll að leita en finna hann hvergi og ákveða á endanum að best sé að fara til Vestmannaeyja þar sem Bragi sé að öllum líkindum dáinn. Á leiðinni hitta þau konu að nafni Katla sem að slæst í för með þeim. Bergljót getur hins vegar ekki hætt að hugsa um bróður sinn og hefur það á samviskunni að það sé hennar sök að hann sé horfinn.

Bragi hafði farið að skoða aðrar skóhrúgur til að finna ummerki um móður sína en er rænt af konu sem fer með hann á rannsóknarstofu. Þar eru honum gefnar alls konar sprautur en bæði geimverur og mannfólk gera á honum tilraunir. Honum er á endanum bjargað af eldri manni sem fer með hann á Þingvelli í öruggt skjól. Gamli maðurinn heitir Víkingur og hefur komið sér fyrir í kofa ásamt kettinum sínum Brandi. Víkingur segir Braga sína sögu og hvernig hann hafi vitað af komu geimveranna í mörg ár. Hann kallar komu þeirra samsæri og að græðgi í háttsettum mönnum hafi verið ástæða þess að enginn hafi gert neitt til að koma í veg fyrir innrásina.

Á meðan fara Bergljót, Þórbergur, Heiðar og Katla gangandi til Þorlákshafnar. Á Litlu kaffistofunni drepur Heiðar tvær manneskjur sem hann segir að vinni fyrir geimverurnar. Bergljótu líst ekkert á Heiðar og treystir honum ekki. Vegna þreytu ákveða þau að finna bíl og fara akandi það sem eftir er. Á endanum ná þau til Vestmannaeyja eftir að hafa siglt frá Þorlákshöfn og hitta þar fleiri eftirlifendur, þar á meðal foreldra Heiðars. Bergljót kynnist þar Magneu og Sæma sem bæði eru á svipuðum aldri og hún sjálf. Í Vestmannaeyjum höfðu geimverurnar komið og farið, en eftirlifendur hafa falið sig í kjöllurum til öryggis ef ske kynni að geimverurnar myndu koma aftur. Bergljót og faðir hennar eru hólpin í bili en sakna þó ennþá Braga og Sigrúnar.

Bragi hefur lítið gaman af lífinu í kofanum hjá Víkingi. Víkingur drekkur mikið áfengi og fer í margar eftirlitsferðir til Reykjavíkur. Í einni slíkri eftirlitsferð snýr hann ekki aftur í kofann til Braga. Bragi verður áhyggjufullur og eftir að hafa beðið einn í nokkurn tíma eftir gamla manninum ákveður hann að halda sjálfur af stað til Vestmannaeyja í leit að fjölskyldu sinni. Hann sendir þó fyrst út skilaboð í gegnum talstöð í von um að Bergljót og Þórbergur heyri. Bókin endar á að Bergljót heyrir röddina hans Braga í gegnum útvarpið að segja að hann sé á leiðinni til þeirra.

Vetrarfrí hentar vel nemendum á unglíngastigi grunnskóla. Efni bókarinnar er ekki ætlað yngri lesendum þar sem mikið er um blóð, dauða og óþægindatilfinningu sem fylgir oft hryllingssögum. Bókin er spennandi og grípur lesanda snemma með geimveruinnrás og fólki að veikjast og mikið er um dauða. Bókin sver sig í ætt sígíldra hryllingsbókmennta. Blóð, skrímsli og dauði er til að mynda stór hluti af bókinni. Annað sem ýtir undir flokkun bókarinnar sem hryllingssögu er einveran og ungur aldur aðalpersónanna. Braga er rænt og hann er einn í kringum geimverur og fólk sem gerir tilraunir á honum. Á blaðsíðu 125 er lýsing á því hvað gerist við Braga eftir að honum er rænt.

„Hann fann myrkur. Fálmandi hendur í myrkrinu. Þær struku honum um andlitið, stungu löngum fingrum upp í eyrun á honum og alveg upp í heila. Hendurnar boruðu í nefið á honum, struku, slógu og klipu. Gripu í hann, toguðu í handleggina og lyftu honum.“ (Hildur Knútsdóttir, 2015)

Lesandi finnur samkennd með Braga og finnur hversu einn og yfirgefinn hann er. Höfundur kemur vel frá sér í hvers konar aðstæðum Bragi er í með því að láta hann vera stjarfan af ótta og pissa í sig án þess að ráða við það. Bragi er aðeins tíu ára gamall og eðlilegt er að hann bregðist við á þennan hátt við að vera rænt og notaður sem tilraunadýr.

Þrátt fyrir að bókin innihaldi mikið ofbeldi og blóðsúthellingar þá tengjast þessir atburðir söguþræðinum og hafa bein áhrif á framgang sögunnar. Það er ekki bara ofbeldi til þess að hafa ofbeldi heldur er það notað til að auka spennu. Stíllinn á bókinni er vandaður og málfar gott. Bókina er því vel hægt að nota í kennslu á unglíngastigi í grunnskóla. Auk þess ná aðalpersónur bókarinnar vel til barna á þessum aldri og þau eru líkleg til að tengja við þær. Að vera skotin í strák, fá að gista hjá vinum og horfa á bannaðar kvikmyndir eru hlutir sem krakkar á þessum aldri tengja vel við.

Bókin er fyrsti hluti af tveimur og endar því mjög spennandi. Hægt væri því að gera verkefni þar sem nemendurnir láta hugmyndaflugið ráða og skrifa um hvað gerist í næstu bók. Framhaldsbókina væri síðan hægt að lesa eftir það og umræður gætu verið um muninn á því sem nemendurnir héldu að myndi gerast og það sem rithöfundurinn lætur gerast. Annað sem hægt er að vinna með er hvert söguvið bókarinnar er ásamt innri og ytri tíma

hennar. Nemendur geta fundið svör við spurningum eins og hvar sagan gerist og á hve löngum tíma.

6. Vetrarhörkur

Vetrarhörkur er beint framhald af bókinni *Vetrarfrí* eftir Hildi Knútsdóttur. Hún var gefin út árið 2016 og heldur söguþráðurinn áfram frá því sem frá var horfið í fyrri bókinni.

Í enda *Vetrarfrís* komust Bergljót og faðir hennar að því að Bragi bróðir hennar sé ennþá á lífi eftir að hafa orðið viðskila við þau í Reykjavík. Staðsett í Vestmannaeyjum, í skjóli fyrir geimverunum, hafa Bergljót og faðir hennar, Þórbergur, komið sér eins vel fyrir og hægt er í ljósi þess að Ísland hafi verið hertekið af geimverum. Bókin hefst á því að Bergljót er að bíða eftir Þórbergi en hann hafði farið til Þorlákshafnar ásamt föruneyti til að finna Braga. Á meðan reynir Bergljót óþreyjufull að stytta sér stundir með Magneu, vinkonu sinni sem hún eignaðist í Vestmannaeyjum. Einnig eyðir hún tíma með Sæma, stráki á hennar aldri sem Bergljót er mjög skotin í. Þegar faðir hennar og hinir koma til baka frá Þorlákshöfn er enginn Bragi með þeim.

Eins og í fyrri bókinni skiptist sjónarhornið á milli Bergljótar og Braga. Annar hver kafli fylgist með Bergljótu og annar hver kafli á móti með Braga. Í *Vetrafrí* hafði Bragi fundið skjól hjá Víkingi, gömlum manni sem nú var á bak og burt. Eftir að Víkingur hefur að öllum líkindum lent í klóm geimverana ákveður Bragi að halda einn af stað til Vestmannaeyja og vonaðist til að finna fjölskyldu sína. Á leiðinni rekst hann á björgunarsveitarmenn sem höfðu fundið Víking haugafullan og tekið hann upp í bíl. Bragi er bálreiður út í Víking fyrir að fara en nær að halda aftur af sér. Björgunarsveitarmennirnir leyfa Braga að koma með sér í öruggt skjól í Þórsmörk.

Í Vestmannaeyjum fara hlutirnir að vinda verulega upp á sig. Einn af förunautum feðginanna, Heiðar, segir eftirlifendum frá að hann hafi unnið fyrir rannsóknarteymi sem bjó til efni sem gerir allar manneskjur veikar. Hann hafi þó fengið bakþanka og yfirgefið teymið og haft meðferðis mót efni. Allir á eyjunni verða æfir af reiði og þá sérstaklega Þórbergur. Eftir að allir róast sprautar Heiðar alla með mótefninu nema Bergljótu, Þórberg og Kötlu sem

öll virðast ónæm fyrir geimverueitrinu. Bergljót fer að hrífast meira af Sæma og er tilfinningin gagnkvæm, Magneu vinkonu Bergljótar til gremju.

Geimverurnar koma til Vestmannaeyja að leita að eftirlifendum. Fólkið á eyjunni flýr en á leiðinni uppgötvar Bergljót að hundurinn Spassky hefur orðið eftir í skólanum, gamla felustaðnum. Hún snýr við að sækja hann en mætir geimveru á gangi skólans. Hún frýs í fyrstu en þegar geimveran hreyfir sig ræðst Bergljót á hana með hníf sem hún hefur geymt í úlpunni sinni til öryggis. Hún nær að endingu að drepa geimveruna með því að reka hnífinn á bólakaf í gegnum brynju hennar. Spassky finnur hún svo heilan á húfi í kringum fólk sem hefur orðið fyrir eitri geimveranna. Síðan sigla þau til Landeyjarhafnar og finna skjól á yfirgefnum sveitabæ.

Í Þórsmörk er Bragi óhultur og hefur vingast við Birnu, eldri konu sem tekur hann að sér. Hann vingast einnig við Soffíu, unga stelpu frá Hellu, sem spilar við Braga til að halda honum félagsskap. Björgunarsveitarmennirnir fara og leita að eftirlifendum, meðal annars fjölskyldu Braga. Bragi er ósáttur við að fá ekki að fara með að leita enda saknar hann þeirra mikið. Nokkrir ungir menn sem hafa dvalið í Þórsmörk koma til baka eftir eina eftirlitsferð með höfuðið af geimveru sem þeir hafa drepið. Fljótlega eftir það fer fólk á staðnum að veikjast og æla. Bragi nær að flýja út í snjóinn ásamt Birnu. Þau bíða eftir að sólin setjist og halda svo aftur í húsið til að athuga hvort einhver hafi komist lífs af. Við fyrstu sýn eru allir látnir. Birna ákveður að þau skuli finna sér nýtt skjól, en áður en þau aka af stað rekast þau á Soffíu sem er ennþá á lífi en frávita af hræðslu. Þríeykið heldur af stað og er förinni heitið í bústað sem að Birna á.

Á sveitabænum sem Bergljót og félagar gista á hafa borist fréttir. Í gegnum útvarpið koma skilaboð frá norska hernum, sem staðsettur er á Reykjavíkurlflugvelli, að landið sé öruggt og matur og skjól bíði þeirra sem ennþá eru á lífi. Ekki eru allir á sveitabænum sannfærðir um að taka eigi mark á þessum skilaboðum þar sem þau gætu verið gildra. Eftir miklar umræður er förinni heitið til Reykjavíkur.

Á Reykjavíkurlflugvelli er norski herinn búinn að setja upp búðir fyrir eftirlifendur. Geimverurnar eru á bak og burt. Hópur Bergljótar er aðeins annar hópur eftirlifenda sem hefur látið sjá sig. Hinn hópurinn hafði falið sig í kjallara í Breiðholtinu. Bergljót verður fljótt leið þegar hún sér að ekkert bólar á Braga eða mömmu hennar. Hún ákveður þó að segja ofurstanum í norska hernum frá Heiðari og hvernig hann tengist öllu sem hefur gerst. Eftir

Það er Heiðar sóttur af grunsamlegri konu og færður upp í flugvél, Bergljótu til mikillar reiði. Fljótlega eftir þetta rennur bíll í hlað á flugvellingum. Út úr bílnum stígur Bragi ásamt Birnu og Soffíu. Bergljót stekkur af stað og grípur Braga í fang sér. Endar sagan á því að fjölskyldan er komin til Danmerkur til að eyða jólunum með fjölskyldu Birnu.

Vetrarhörkur er ágætis bók. Hún er ekki sjálfstætt framhald heldur byggir hún ofan á það sem kom fram í *Vetarfríi*. Hún er þó mun hægari en undanfari sinn. Á köflum er mjög lítið að gerast og hún hættir að vera hryllingsbók. Í staðinn er áherslan lögð á hvernig fólk kemst af eftir geimveruinnrás og reynir höfundur að troða inn unglingarómantik og drama, samanber samband Bergljótar við bæði Sæma og Magneu. Þó er að finna hryllingsþætti inn á milli og nær höfundur að láta lesanda líða óþægilega í bið eftir að eitthvað slæmt gerist. Blóðútshellingum er hér haldið í lágmarki miðað við fyrri bók og það er þá einna helst þegar geimverurnar ráðast á dvalarstað Braga í Þórsmörk. Á blaðsíðu 219 er lýsing á aðstæðum þegar Bragi og Birna koma til baka eftir geimveruárásina.

„Það kom honum alltaf á óvart hvað blóð var rosalega rautt. Sérstaklega í hvítum snjó. Og hér var nóg af því. Það var eins og því hefði verið sprautað yfir pallinn og á stíginn og grasið fyrir framan skálann. Snjórinn í kringum staurinn þar sem Agnar hafði sett geimveruhausinn var svo mettaður af blóði að hann var orðinn að dökku krapi.“ (Hildur Knútsdóttir, 2016)

Hér fær lesandi góða mynd af því hversu ofboðslega grimmar geimverurnar eru. Þær eittra fyrir fólk sem ælir og deyr. Síðan éta þær líkin og skilja allt eftir í blóði og viðbjóði. Svona lýsingar gera bókina að hryllingsbók en því miður er að mínu mati ekki nægilega mikið um þær. Í *Vetarfríi* leið lesanda alltaf eins og eitthvað slæmt væri að fara gerast og oftast en ekki gerðist eitthvað voðalegt. Í *Vetarhörkum* aftur á móti er oft ýtt undir hrikalegan atburð en síðan gerist ekkert. Sem dæmi þá endar kafli, með heitið *Hlaðan*, á því að eitthvað stekkur út úr myrkrinu og ræðst á hundinn Spassky (Hildur Knútsdóttir, 2016, bls. 199). Í næsta kafla sem beinist að Bergljótu kemst lesandi að því að veran var bara köttur. Þetta er atriði sem er spennandi og lesandinn verður mjög spenntur. Hins vegar er spennan til einskis þegar í ljós kemur að þetta er bara köttur og því verður lesandi fyrir vonbrigðum. Í hryllingsbókum er

venjan uppbygging, losun og enduruppbygging á spennu (Tan, Wignell og O'Halloran, 2016). Í þessu tiltekna atriði vantar enduruppbyggingu hjá höfundu og deyr spennan frekar fljótt eftir losunina.

Einn helsti galli bókarinnar er mikill fjöldi persóna. Bæði frá sjónarhorni Bergljótar og Braga er fullt af aukapersónum sem gætu skapað rugling hjá yngri lesendum. Nöfn eins og Jónas, Tryggvi, Birna, Katla og Guðmundur eru nokkur dæmi um það magn af aukapersónum sem finna má í sögunni. *Vetrarfrí* hefur það fram yfir framhaldið að halda sögupersónunum færri og í styttri tíma hverju sinni.

Vetrarhörkur er, þrátt fyrir sína kosti og galla, bók sem hægt væri að nýta í kennslu. Bókin hentar vel nemendum á unglíngastigi, ekki síst þar sem Bergljót er á svipuðum aldri. Hægt væri að útbúa verkefni þar sem nemendur geta sett sig í spor eftirlifenda eftir geimveruinnrás og hvaða aðferðir þau myndu nota til að komast lífs af. Sem dæmi hvert þau myndu fara, hvaða nauðsynjar þurftu þau að finna fyrst og hvað þau myndu gera þegar geimverur nálgast. Einnig er hægt að kenna nemendum um innri og ytri tíma, og láta nemendur velta fyrir sér hvaða sögupersónu þau samsama sig mest. Fleiri verkefni mætti hugsa sér, eins og að búa til leikþátt eða bæta við endinn á sögunni, til dæmis hvað verður um Heiðar eða hvort geimverurnar komi aftur.

Vetrarhörkur hentar eins og áður segir vel í kennslu en erfitt gæti verið að skilja söguna þar sem bókin er framhald. Höfundur nær að tengja sögurnar þó vel saman svo að engar erfiðar spurningar vakna hjá lesanda. Skemmtilegra og eiginlega nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa lesið *Vetrarfrí* áður en byrjað er á *Vetrarhörkur*. Mögulega er hægt að lesa fyrri bókina fyrir áramót á skólaári og framhaldið eftir áramót. Þannig fá nemendur að vita hvernig heildarsagan er hjá aðalpersónunum Bergljótu og Braga.

7. Lokaorð

Hryllingsbækur eru góður kostur fyrir lesendur sem vilja láta hræða sig með óhugnanlegum lýsingum sem fá hárin til að rísa. Bækur í þessum bókaflökki ætluðum börnum og unglingum eru þó yfirleitt ekki jafn grófar og þær sem eru ætlaðar fullorðnum lesendum. Þær eru samt sem áður byggðar upp á sömu forsendum. Með öðrum orðum eru þær til þess ætlaðar að hræða og vekja óþægindatilfinningu hjá lesendanum.

Bækurnar sem fjallað var um hér að ofan fylgja allar þessu klassíska sniði hryllingsbókmennta sem rætt var um í inngangi. Aðalpersónurnar eru allar börn sem lenda í skelfilegum aðstæðum, ekki síst fyrir börn á þeirra aldri. Þau eru hins vegar öll einnig að takast á við sömu hluti og flestir jafnaldrar þeirra: Fyrstu ástina, kynþroskaskeiðið og spennu milli foreldra. Í þessum bókum sameinast því hið yfirnáttúrulega hinu daglega lífi sem gerir bækurnar að spennandi valkosti fyrir unga lesendur.

Bækurnar hafa allar sína kosti og galla. Gæsaþráðarbækurnar eru mun lakari þegar kemur að frásögn og söguþræði heldur en *Vetrarfrí* og *Vetrarhörkur*. Í þeim eru sögurnar einfaldar og orðaforði þurr og stamur. Stuttar og einfaldar setningar einkenna bækurnar og þó að það henti frekar yngri lesendum þá er söguþráðurinn hins vegar óviðeigandi. Fyrsta bókin fjallar um draugagang og morð, bók númer fimm er um gamlan mann sem drepur börn og bókin um Villa vampíru fjallar um unga vampíru sem reynir að nauðga fjórtán ára stelpu. Miðað við söguþráð ættu bækurnar því að vera hugsaðar fyrir eldri lesendur en á sama tíma eru þær of einfaldar. Höfundurinn hugsar meira um að atriðin séu hræðileg heldur en að þau hafi þýðingu fyrir söguna. Þá er letur stórt og blaðsíðufjöldi fer ekki yfir 150. Bækurnar eru einnig fullar af innsláttar- og stafsetningarvillum.

Vetrarfrí og *Vetrarhörkur* eru hins vegar mun betur skrifaðar að öllu leyti. Þær eru betur uppsettar, skýrari og með vandaðri orðaforða. Bækurnar eru í lengri kantinum, yfir 250 blaðsíður, og söguþráður þeirra um geimverur sem koma til Íslands, drepa og éta manneskjur og hvernig eftirlifendur reyna að komast lífs af, er óhugnanlegur. Lýsingarnar í bókunum eru margar hverjar ógeðfelldar, hljóð í beinum þegar geimvera gæðir sér á manneskju og snjór útataður í blóði og ælu eru dæmi um slíkar lýsingar, sem eru til þess gerðar að lesandinn fái það beint í æð hversu grimmar geimverunar eru og þær hafa því beina þýðingu fyrir söguþráðinn sjálfan. Það er ákveðinn dómsdagsbragur á bókinni og

lesandinn fær það á tilfinninguna að endalok Íslands og jafnvel heimsbyggðarinnar allrar séu í nánd. Bækurnar ná því að halda lesandanum vel við efnið án þess að fara í óþarfa vífillengjur.

Vetrarfrí og *Vetrarhörkur* eru því mun vænlegri kostur í kennslu eldri barna í grunnskólum heldur en *Gæsa húðarbækurnar*. Mun fleiri og fjölbreyttari verkefni væri hægt að vinna upp úr þeim, ekki síst þar sem frágangur þeirra er fagmannlegri. Hægt væri að gera upp úr þeim bókmenntagreiningu þar sem komið væri inn á þætti eins og tíma sögunnar, sögusvið og persónusköpun. Að auki væri hægt að gera ritunarverkefni þar sem möguleiki er á að fá nemendur til að skrifa um hvernig þeirra upplifun á geimveruáras væri og hvar á Íslandi þau myndu telja að væri besti felustaðurinn. Einnig væri hægt að fá nemendur til að skrifa sinn eigin endi á báðar bækur. Það er að segja, hvernig framhaldið væri á fyrri bókinni og síðan hvernig lífið yrði hjá systkinunum Bergljótu og Braga eftir að geimverunar hurfu á brott. Þessi ritunarverkefni væru til þess fallin að styrkja ritunarhæfni nemenda, jafnt orðaforða og stafsetningu, en einnig til að virkja og efla hugmyndaflug þeirra þar sem þau fengju tiltölulega frjálssar hendur við gerð verkefnisins.

Hryllingsbókmenntir er vel hægt að nota í kennslu í grunnskólum en það þarf hins vegar að vanda valið á bókunum vel. Það þarf að passa vel upp á að söguþráðurinn sé viðeigandi en einnig að málfar og stafsetning sé í lagi. Bækur í þessum bókaflökki tækla oft en ekki erfið viðfangsefni eins og morð, kynferðisofbeldi og dauða. Þetta eru viðfangsefni sem þarf að ræða við börn en það þarf að gera það á ábyrgan hátt. Hvernig skrifað er um þessi atriði er því mjög mikilvægt. Hinu er þó ekki hægt að neita að jafnvel lakari bækurnar sem hér hefur verið fjallað um eru að mestu leyti ágætis afþreying og fá börn í það minnsta til að lesa meira.

Heimildarskrá

- Aizada Shaiymkulova. (e.d.). Horror films and its effects on children, adolescences and adults. Óútgefinn fyrirlestur. Sótt af https://www.academia.edu/35978793/Horror_films_and_its_effects_on_children_adolescences_and_adults
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2004). Er hún gamla Grýla dauð?: Ímynd Grýlu í barnabókum. *Hrafnaving, 1*, bls. 7 – 19.
- Áslaug Karen Jóhannsdóttir. (2017, 23. mars). Nauðgunaratriði í barnabók vekur athygli: „Ekki við hæfi barna,“ segir höfundurinn. *Stundin.is*. Sótt af <https://stundin.is/frett/vekja-athygli-naudgunaratriði-i-barnabok/>
- Eiríkur Örn Arnarson. (17. 5. 2001). Hver er munurinn á hræðslu og kvíða? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1615#>
- Esma Dumanli Kadizade og Can Sakar. (2019). Violence and fear in Francesca Simon's series of Horrid Henry. *Academic Journals, 14* (1), bls. 25 – 32.
- Helgi Jónsson. (1997). *Gæsa húð*. Akureyri: Tindur.
- Helgi Jónsson. (2001). *Gæsa húð 5: Galdramaðurinn ógurlegi*. Akureyri: Tindur.
- Helgi Jónsson. (2007). *Gæsa húð: Villi vampíra*. Akureyri: Tindur.
- Hildur Knútsdóttir. (2015). *Vetrarfrí*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Hildur Knútsdóttir. (2016). *Vetrarhörkur*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Jakob Bjarnar. (2017, 24. mars). Þess krafist að Gæsa húðarbækurnar verði fjarlægðar úr bókabúðum. *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2017170329288>
- Sabine Tan, Peter Wingell, Kay L. O'Halloran. (2016). From book to stage to screen: semiotic transformations of Gothic horror genre conventions. *Social Semiotics, 24* (6), bls. 404 – 423.
- Sigurður Ólafsson. (2008). Metsöluhöfundur barnanna: Afþreyingarbækur fyrir yngri borgara. *Börn og menning, 23* (2), bls. 22 – 23.
- Útgefandi vill Gæsa húð úr hillum. (2017, 28. mars). *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/27/utgefandi_vill_gaesahud_ur_hillum_2/

Villi vampíra tekin úr hillum á skólabókasöfnum, eitt safn tekur allar GæsaHúðarbækurnar úr umferð. (2017, 24. mars). *Nútíminn.is*. Sótt af <https://www.nutiminn.is/frettir/villi-vampira-tekin-ur-hillum-a-skolabokasofnum-eitt-safn-tekur-allar-gaesahudarbækurnar-ur-umferd/>